

## *Lög Félags eldri borgara í Garðabæ*

### 1. KAFLI

#### *Nafn, heimili og tilgangur*

Nafn félagsins er: Félag eldri borgara í Garðabæ skammstafað FEBG.

Heimasíða félagsins er [www.febg.is](http://www.febg.is) og póstfang [febg@febg.is](mailto:febg@febg.is)

Heimili og varnarþing þess er í Garðabæ.

Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna eldra fólks í hvívetna, meðal annars með því:

- a) að vinna að úrbótum í húsnæðismálum í samvinnu við bæjaryfirvöld.
- b) að hlutast til um aðstöðu fyrir ýmiss konar starfsemi félagsins.
- c) að efla tengsl þeirra, sem óska aðstoðar og hinna, sem geta og vilja veita hana.
- d) að hlúa að hvers konar áhugamálum félagsmanna, standa fyrir námskeiðum, fræðslufundum hópvinna, tómstundavinnu og skemmtunum.
- e) að stuðla að líkamspjálfun og útivist, leitast við að hafa áhrif á lagasetningu og ákvarðanir, sem varða hagsmuni aldraðra, með viðræðum og samningum við stjórnvöld. Félagið er óháð stjórn málaflökkum og hlutlaust í afstöðu sinni til trúmála.
- f) að vera í nánú samstarfi við bæjaryfirvöld í Garðabæ um hverskonar málefni er varða heill og hag eldri borgara
- g) að vinna að öllum öðrum þeim málum sem félagsmenn telja ástæðu til.

Félagið er aðili að Landssambandi eldri borgara, LEB ([www.leb.is](http://www.leb.is)).

### 2. KAFLI

#### *Skilyrði aðildar að félaginu*

Rétt til að verða félagsmenn eiga þeir, sem náð hafa 60 ára aldri og einnig makar félagsmanna, þó yngri séu.

#### *Félagsgjald*

Árgjald skal ákveða á aðalfundi. Því má breyta á aðalfundi. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

### 3. KAFLI

#### *Aðalfundur*

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda ár hvert í febrúar eða marsmánuði og boða til hans með auglýsingu í blöðum, á heimasíðu félagsins eða með tölvupósti að lágmarki með einnar viku fyrirvara. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi. Lögum félagsins verður þó aðeins breytt með tveim þriðju hlutum atkvæða á aðalfundi. Tillögur um breytingar á lögum þessum verða kynnt félagsmönnum með almennri auglýsingu a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund og skulu breytingar liggja frammi á skrifstofu félagsins á þeim tíma. Tilkynna ber í fundarboði aðalfundar að lagabreytingar verði lagðar fram.. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

- a. Kosning fundarstjóra og fundarritara
- b. Lögð fram skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.
- c. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
- d. Umræður um skýrslu stjórnar og framlagða reikninga.
- e. Ákvörðun félagsgjalds
- f. Kosning formannsg.
- g. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar
- h. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara
- i. Lagabreytingar
- j. Önnur mál.

### 4. KAFLI

#### *Kosning trúnaðarmanna*

Á aðalfundi skal kjósa 5 menn í stjórn og 3 til vara. Formann skal kjósa sérstaklega á aðalfundi. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Enginn má sitja lengur samfelld í stjórn en fimm ár. Formaður getur þó hafa setið í stjórn áður án þess að fimm ára reglan gildi.

#### *Fundarboð til almennra félagsfunda*

Stjórn félagsins boðar til almennra félagsfunda, þegar henni þurfa þykir. Félagsfundur skal boðaður með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara með auglýsingu í dagblöðum eða öðrum fjölmiðlum. Félagsfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

#### *Fjárreiður*

Stjórn félagsins ber ábyrgð á fjárreiðum þess og skuldbindur það gagnvart öðrum aðilum. Öll meiriháttar mál skal bera undir félagsfund.

### *Stjórnarfundarboð*

Stjórnarfundarboð skal formaður boða tryggilega. Hann skal boða bæði varamenn og aðalmenn. Varamenn skulu á fundum með aðalmönnum hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rita skal fundargerðir stjórnarfunda.

## 5. KAFLI

### *Félagsslit*

Nú kemur fram tillaga um að félaginu skuli slitið og skal hún sæta sömu meðferð og tillaga um lagabreytingu.

Við slit félagsins skulu eigur þess renna til almennra hagsmunamála aldraðra, sem almennur fundur ákveður.

Samþykkt á stofnfundi 12. nóvember 1993 með breytingum á aðalfundi 20.3.2017 og á aðalfundi 27.2.2023

Eldri borgarar / Samþykktir Félags eldri borgara, Garðabæ